



Fundargerð stjórnarfundar nr. 25.

Stjórnarfundur haldinn í Safnahúsinu á Sauðárkróki fimmtudaginn 6. maí 2010 kl:14:00
Á fundinum voru stjórnarmennirnir Magnús B. Jónsson og Einar E. Einarsson ásamt
Gunnari Svavarssyni frá Verfræðistofunni Eflu. Undir fyrsta lið fundar sátu einnig allir
mættir verktakar, sjá undirskrifaðan lista í fundargerðabók.

Dagskrá

1. Opnun tilboða.
2. Næstu skref.
3. Önnur mál.


1. Opnun tilboða.

Magnús B. Jónsson formaður stjórnar setti fundinn og óskaði eftir að Gunnar Svavarsson
læsi upp tilboð og Einar E. Einarsson annaðist ritun fundargerðar og skráningu tilboða frá
bjóðendum.

Fyrir fundinum lágu 11 tilboð. Leitað var eftir hvort einhverjar athugasemdir væru við
útboðið eða opnun tilboðanna en slíkar athugasemdir komu ekki fram.

Eftirfarandi tilboð bárust í verkið:

Bjóðendur:	Kt.	Upphæð kr.	% af áætlun
Suðurtak ehf.	561109-0790	169.662.476	52,8%
Nesey ehf.	700693-2369	186.517.600	58,1%
G.V. Gröfur ehf.	500795-2479	198.362.641	61,8%
Héraðsverk ehf.	680388-1489	198.787.131	61,9%
Skagfirskir verktakar ehf.	660106-0490	198.992.000	61,9%
Háfell ehf.	690186-1609	219.417.000	68,3%
Suðurverk hf.	520885-0219	219.961.854	68,5%
KNH ehf.	710795-2239	237.373.474	73,9%
Borgarverk ehf.	540674-0279	282.136.286	87,8%
G. Hjálmarsson hf.	630196-3619	283.850.000	88,4%



Ísar ehf./Árni Helgason/Verk.Glaumur ehf.	421000-2630	289.760.000	90,2%
Kostnaðaráætlun verkkaupa		321.227.500	100,0%

Eftir opnun voru engar athugasemdir gerðar við opnunina. Liður eitt í þessari fundargerð var upplesinn og undirritaður sérstaklega af öllum viðstöddum. Það blað er límt inn í fundargerðabók Norðurá bs.

Að þessum lið loknum yfirgáfu allir gestir fundinn.

2. Næstu skref.

Magnús og Einar ræddu við Gunnar um næstu skref og ákveðið að hann myndi nú fara formlega yfir öll tilboðin og endurreikna þau og meta. Ákveðið að halda stjórnarfund að því verki loknu.

3. Önnur mál

Gunnar tilkynnti að Skipulagsstofnun hafi ekki gert athugasemdir við umhverfismat vegna urðunarstaðarins.

Fundi slitið kl. 15:30

Magnús B. Jónsson

Einar E Einarsson